



## DANS2FJ05

Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2024

Fjölmiðlar og lífstíl

Kennari:	Sigríður Sigurðardóttir (SGS) sigridurs@fsu.is Pelle Damby Carøe (PC) pellearoe@fsu.is
----------	---

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að efla hjá nemandanum alla færniþætti tungumálsins, að efla sjálfsöryggi hans og tjáningu á eigin hugsunum, svo og sjálfstæði hans og vinnubrögð. Unnið er markvisst að því að auka vitund nemandans um hvernig maður lærir tungumál, hvað þarf að kunna til þess að kunna tungumál og aðferðir til þess að tileinka sér nýjan orðaforða.

**Undanfari:** Grunnskólapróf með lágmarkseinkunn B í dönsku eða DANS1DL05.

### Markmið:

<b>Tal:</b>	Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í réttum framburði tungumálsins og geta átt samræður á tungumálinu.
<b>Hlustun:</b>	Nemendur vinna með ýmiss konar hlustunarverkefni tengd menningu og dönsku lífi.
<b>Ritun:</b>	Nemendur vinna með nokkrar textagerðir hvort heldur sem um er að ræða skapandi skrif eða stýrð verkefni eins og t.d endursagnir, gagnrýni og frásagnir.
<b>Orðaforði:</b>	Nemendur vinna með orðaforða í tengslum við efni sem unnið er með hverju sinni; jafnrétti, lýðræði, sköpun, velferð, hreyfingu, sjálfbærni, menntun og heilsu.

<b>Lestur:</b>	Nemendur lesa smásögur og ýmiss konar texta.
----------------	--

### **Námsefni:**

**Glimt** – smásögur

**Fjölmiðlar** – dr.dk

**Efni frá kennara**

### **Þekkingarviðmið** - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- helstu málvenjum í ritaðri dönsku
- dönsku samfélagi og menningarlífi
- völdum bókmenntatextum jafnt sem rauntextum
- orðaforða sem tengist jafnrétti, lýðræði, sköpun, velferð, hreyfingu, sjálfbærni, menntun og heilsu
- tali tveggja Dana um efni sem búið er að vinna með

### **Leikniviðmið** - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- beita gagnrýninni hugsun í ræðu og riti og láta skoðanir koma fram á skýran hátt þegar er unnið með eigið áhugasvið
- beita á markvissan hátt viðeigandi hjálpargögnum við frágang ritsmíða
- nýta málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni
- nýta upplýsingar úr ýmiss konar heimildum og flétta saman við eigin viðhorf og ályktanir
- lesa sér til gagns og gamans hæfilega þung bókmenntaverk jafnt sem rauntexa og fjalla um inntak þeirra skriflega

### **Hæfniviðmið** - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið
- styrkja eigin málfærni, t.d. með því að nýta málfræðilegar upplýsingar
- beita skýru og lýtalausum máli í ræðu og riti
- taka þátt í umræðum, færa rök fyrir máli sínu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu, túlka texta þó merkingin liggi ekki á yfirborðinu.

### **Námsmat:**

<b>Námsþáttur</b>	<b>Lýsing á námsmati</b>	<b>Vægi</b>
Lestur	Smásögur 5-6 próf	30%

Hlustun	2-3 próf	20%
Tal	2-3 próf	20%
Ritun	2-3 próf	20%
Ástundun	Virkní, áhugi og vinnubrögð (öll verkefni)	10%

**Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:**

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1 - 4	19. ágúst - 13. september	Danskir fjölmiðlar, lestur, hlustun, ritun og munnlegt	Smásaga 1 & 2 Ritun 1
5 - 8	16. september - 11. október	Danskir fjölmiðlar, lestur, hlustun, ritun og munnlegt	Smásaga 3 & 4 Hlustun 1 Munnlegt 1
9 - 12	14. október - 8. nóvember	Danskir fjölmiðlar, lestur, hlustun, ritun og munnlegt	Smásaga 5 & 6 Ritun 2
13 - 16	11. nóvember - 6. desember	Danskir fjölmiðlar, lestur, hlustun, ritun og munnlegt	Hlustun 2 Munnlegt 2
17 - 19	9. desember - 20. desember	Danskir fjölmiðlar, lestur, hlustun, ritun og munnlegt	Skráp

**Sérreglur áfangans:**

Nemendur þurfa að taka próf úr öllum færniþáttum tungumálsins (ritun, lestur, hlustun og munnlegt), til þess að ná áfanganum.

Nemendur geta ekki tekið próf nema hafa unnið undirbúningsverkefni og skilað.

Það er ekki hægt að endurtaka próf.

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Yfirferð námsefnis getur verið breytileg á milli hópa.

*Selfossi, ágúst 2024*

***Sigríður Sigurðardóttir og Pelle Damby Carø***